

# Vefrit fjármálaráðuneytisins


14. desember 2006

## Framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á árinu 1998 námu framlög ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 3.247 m.kr. á verðlagi þess árs. Framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs er 9.741 m.kr. í fjárlögum næsta árs. Það er um 200% hækkun frá árinu 1998 eða árleg meðalhækkun sem nemur um 13%. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um tæp 47% eða um 4,4% á ári að meðaltali. Vísitala samneyslu, en það er vísitala sem mælir verðhækkunir á opinberri þjónustu, hefur hins vegar hækkað um 68% eða tæp 6% á ári að meðaltali. Framlög ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs fyrir árin 1998 til 2007 eru sýnd á verðlagi hvers árs. Fyrir árið 2006 eru útgjöld miðuð við fjárlög og fjárukalög og fjárlög vegna ársins 2007.

Framlög til Jöfnunarsjóðs eru annars vegar lögboðin framlög sem eru reiknuð af innheimtum skatttekjum og útsvarsstofni og hins vegar sérstök tímabundin framlög. Frá árinu 2001 hefur sjóðurinn fengið framlag úr ríkissjóði til að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna breytinga á álagningarreglum fasteignaskatts. Framlagið nam fyrsta árið 1.100 m.kr. og hefur síðan tekið sömu hækkunum og innheimtar skatttekjur ríkissjóðs. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á reiknireglum og tímabundnum framlögum á tímabilinu og er þar helst að nefna að á árinu 2004 voru einstök framlög reiknuð inn í hlutfall af innheimtum skatttekjum ríkisins og hefur það verið 2,12% frá þeim tíma en auk þess er reiknað framlag sem er 0,264% af álagningarstofni útsvars.

Framlög ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árin 1998-2007



## Tímabundin lækkun olíugjalds framlengd

Með lögum sem Alþingi samþykkti hinn 9. desember sl. var tímabundin lækkun á fjárhæð olíugjaldsins úr 45 kr. í 41 kr. framlengd til 31. desember 2007. Þegar lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl. voru sett var fjárhæð olíugjaldsins ákvörðuð 45 kr. á hvern lítra af gjaldskyldri olíu. Lögin miðuðu að því að útsöluverð á dísilólíu yrði ívið lægra en á bensíni með það að markmiði að gera dísilknúnar fólksbifreiðar ákjósanlegan kost við val á einkabifreið. Vegna óhagstæðrar þróunar á heimsmarkaðsverði á dísilólíu, samanborið við heimsmarkaðsverð á bensíni, var olíugjaldið lækkað tímabundið, úr 45 kr. í 41 kr., með lögum nr. 70/2005. Gilti sú tímabundna lækkun upphaflega í sex mánuði frá gildistöku laganna um olíugjald og kílómetragjald, þ.e. frá 1. júlí til 31. desember 2005 en hefur síðan verið framlengd þrisvar. Frá því að olíugjald var tekið upp hefur heimsmarkaðsverð á dísilólíu oftan en ekki verið hærra en heimsmarkaðsverð á bensíni. Spár gera ráð fyrir því að heimsmarkaðsverð á dísilólíu verði á næstu missirum að jafnaði hærra en heimsmarkaðsverð á bensíni en hafa þarf í huga að erfitt er að spá fyrir um þróun heimsmarkaðsverðs á bensíni og dísilólíu.

## Um verðbólguáætlunir


Verðbólga er hækkun almenns verðlags yfir tíma. Vísitala neysluverðs mælir verð á safni varnings og þjónustu sem heimilin greiða reglulega fyrir og er oftast grundvöllur verðbólguáætlunna. Þá er öðru fremur miðað við árs hraða verðbólgu, en hann er hægt að mæla á grundvelli ólíkra gagna. Oftast er fjallað um tólf mánaða verðbólgu á grundvelli mánaðarlegra gagna eða árlega verðbólgu á grundvelli árlega gagna. Tólf mánaða verðbólga er mæld á grundvelli vísitölnunnar í einum mánuði samanborið við vísitöluna í sama mánuði á fyrra ári. Verðbólguáætlun Seðlabanka Íslands miðast við þannig mældu verðbólgu. Þegar horft er til þróunar verðlags yfir lengri tíma er ýmist horft á árlega verðbólgu sem breytingu milli ársmeðaltala eða frá upphafi til loka hvers árs. Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er notast við fyrri skilgreininguna.

Eðli málsins samkvæmt tekur nokkurn tíma fyrir breytingar í áhrifaþáttum verðlags að koma fram í verðlagi og mældri verðbólgu. Dæmi um slíka þætti eru skattar og gengi krónunnar. Að sama skapi geta áhrifin haldist nokkuð lengi eftir að breytingar hafa komið fram. Af þeim sökum er oft gripið til útreikninga sem taka til skemmri tíma en tólf mánaða og sá útreikningur síðan færður á árs hraða. Árs hraði sem miðast við breytingu á vísitölu milli mánaða gefur skýrari sýn á hvert stefnir í verðþróuninni ef þær áherslur sem þar ráða för eru taldar líklegar til að halda áfram. Með öðrum orðum er verið að gera ráð fyrir að síðasta mánaðarbreyting eigi sér stað í sama mæli næstu tólf mánuði. Þar sem mánaðarbreytingar eru nokkuð sveiflukennar ber að túlka þær varlega. Minni sveiflur tengjast verðþróun til þriggja eða sex mánaða. Þar er sömu aðferð beitt; ársfjórðungs-breyting eða hálfársbreyting er látin gilda fyrir allt árið í heild. Þessi leið gefur skýrari mynd af því hver verðþróunin innan árs gæti orðið.

Það sem gerir tólf mánaða verðbólgu að haldbestu mælingunni er að með henni hverfa að miklu leyti sveiflur tengdar árstíðum, sbr. upphaf eða lok útsalna, upphaf eða lok skólaárs, o.s.frv. Aðrar óreglulegar eða undirliggjandi breytingar koma hins vegar fram í þeirri mælingu.

Á meðfylgjandi mynd er sýnd verðbólga á tólf mánaða grundvelli og á milli mánaða, en hvort tveggja er árs hraði. Þar má sjá hve miklar sveiflur eru í breytingum á milli mánaða. Til hliðsjónar er sýnd þróun vísitölu neysluverðs, sem hefur undantekningalítið hækkað undanfarnin ár. Þá er birtur mögulegur ferill verðbólgunnar á næsta ári til að draga fram áhrif aðgerða ríkisstjórnarinnar til lækkunar á matvöruverði og þar af leiðandi neysluverði. Þau áhrif stöðva ekki undirliggjandi þróun og því mun verðbólga líklega verða nokkur það ár en þó minni en undanfarnin misseri. Þó ber að taka slíkum útreikningum með fyrirvara, þar sem mörg atriði sem hafa áhrif á verðþróunina geta orðið önnur en lagt er til grundvallar útreikningnum.

## Verðlagsþróun 2001-2007



Tekjur ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Skatttekjur og trygg.gjöld	20,8	11,8
Skattar á tekjur og hagnað	27,3	19,9
Eignarskattar	7,2	-37,0
Skattar á vöru og þjónustu	19,8	10,3
Tryggingagjöld	15,7	16,6
Tekjur alls	47,2	-8,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Almenn opinber þjónusta	35,8	-23,0
Heilbrigðismál	6,7	7,5
Alm.trygg. & velferðarmál	5,0	4,2
Efnahags- og atvinnamál	-3,7	2,3
Menntamál	16,3	12,2
Gjöld alls	10,0	0,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-október		
Milljónir króna	2005	2006
Handbært fé frá rekstri	20.294	48.791
Hreinn lánsfjárfjórnuður	68.671	46.785
Afborgun lána	-61.557	-41.565
Brúttó lánsfjárfjórnuður	3.814	1.921
Lántökur	9.048	25.961
Greiðsluafkoma	12.862	27.882

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Verðbólga (des.)	4,1	7,0
Kjarnaverðbólga (des.)	4,6	7,0
Launavísitala (október)	6,9	11,0
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,5	12,6
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	5,3	4,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (nóv.)	1,6	1,1